

Árþing Blaksambands Íslands 2008

Haldið í Reykjavík 31. maí 2008

Þinggerð

## **Þinggerð 36. ársþings BLÍ, haldið í Reykjavík 31. maí 2008**

Laugardaginn 31. maí var ársþing Blaksambands Íslands haldið í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal í Reykjavík. Þar var farið yfir störf stjórnar BLÍ síðasta starfsár, reikningar sambandsins lagðir fram og rætt um laga- og reglugerðabreytingar hjá BLÍ og kosið í tvö sæti í stjórn næstu tvö starfsár.

### **Þingsetning**

Formaður BLÍ, Jason Ívarsson setti þingið kl. 10.15 og bauð þingfulltrúa velkomna. Í upphafi sæmdi Jason Vigni Þröst Hlöðversson gullmerki sambandsins fyrir mikið og gott blakstarf.

Hreggviður Norðdahl var kjörinn þingforseti og Sævar Már Guðmundsson þingritari.

### **Kosning Kjörbréfanefndar**

Gerð tillaga um Stefán Jóhannesson, Svölu Vignisdóttur og Brynjar Pétursson. Samþykkt samhljóða og tekur nefndin strax til starfa.

#### *Kosning í aðrar starfsnefndir þingsins:*

Fjárhagsnefnd: Óskar Hauksson formaður

Uppstillingarnefnd: Jón Ólafur Valdimarsson formaður.

Allsherjar-, laga- og leikreglanefnd: Guðrún Kristín Einarsdóttir formaður.

#### *Jason Ívarsson fer yfir skýrslu stjórnar*

Stjórnarfundir voru 7 talsins á starfsárinu. Hann minntist sérstaklega á 35 ára afmæli BLÍ síðastliðið haust og þá veislu sem helstu velunnurum sambandsins sem og forystumönnum og forseta ÍSÍ var boðið til.

Mótahaldið á tímabilinu var með besta móti og umfangið hefur aldrei verið meira en nú. Í fyrsta sinn var leikið í 3. deild kvenna sem tókst afar vel. Úrslitakeppnin var mjög spennandi í ár og nýtt fyrirkomulag í bikarnum gekk vel. Jason ræddi sjónvarpsmálin sérstaklega og minntist þess að engar útsendingar höfðu verið en undanfarin ár hefur RÚV ævinlega sýnt frá úrslitaleikjum bikarsins. Nú hefur forystan sett sig í samband við RÚV og má segja að tryggt sé að leikir næstu ára verði sýndir í sjónvarpinu, enda um stærsta innlenda viðburðinn á árinu hjá okkur í blakinu og því mikilvægt að hafa hann í sjónvarpi.

Aðrir fjölmiðlar fjölluðu lítið um blak þó að Morgunblaðið hafi sagt frá úrslitum leikja en DV var sá fjölmiðill sem fjallaði hvað mest um blak, þökk sé einstaklingsframtakinu.

Á síðasta ári kepptu 8 landslið í blaki. Mest vinna var lögð í kvennalandsliðið og því sköpuð flest verkefni. Liðið vann glæstan sigur í Evrópukeppni smáþjóða í Glasgow og í framhaldi af því var ákveðið að senda liðið í Evrópukeppni landsliða á þessu tímabili. Árangurinn í síðustu leikjum liðsins hefur ekki verið eins góður og vænta mátti en liðið er mjög ungt og á framtíðina fyrir sér. Nokkur endurnýjun á sér stað í karlaliðinu og tók liðið þátt á Smáþjóðaleikunum í Mónakó á síðasta ári og undirbýr sig nú undir undankeppni Evrópumóts smáþjóða.

Næstu stórverkefni liðanna verður þátttaka í undankeppni næsta heimsmeistaramóts og verður það í fyrsta skipti sem BLÍ sendir lið í heimsmeistaramót.

Strandblakið á sér vaxandi vinsældum að fanga hér á landi og kepptu landsliðin í Mónakó á síðasta ári. Karlaliðið stóð sig með sóma en tapaði öllum

leikjum en fyrsta kvennalandsliðið stóð sig enn betur og hampaði bronsverðlaunum á leikunum.

Unglingalandsliðin okkar eru fjögur talsins og tóku öll þátt í Norðurlandamótum á síðasta ári. Nú er stefnt á sömu mót í haust og hefur BLÍ ákveðið að taka að sér að halda U19 mótið á Akureyri í byrjun september.

Ungum iðkendum íþróttarinnar heldur áfram að fjölga svo og þeim félögum sem taka upp krakkablað. Í langan tíma hafa ekki verið haldin fjölmennari yngriflokkamót en voru í Neskaupstað og í Mosfellsbæ í vetur og voru þau mótshöldurum til mikils sóma. Ekki má gleyma öldungamótinu en það var í höndum Skella á Ísafirði í vor. Mótið tókst afar vel og er vonandi að afrakstur mótsins verði til þess að efla blakið í þessum landshluta.

Að lokum minntist Jason á umsvif sambandsins og þau hafa sjaldan verið meiri eins og sést á innihaldi skýrslunnar. Jason þakkar þeim stjórnarmönnum sem hætta nú fyrir góða setu og óskar þess að ný stjórn haldi vel á spöðunum í framtíðinni.

### **Reikningar síðasta starfsárs**

Óskar Hauksson gjaldkeri BLÍ fer yfir reikninga sambandsins sem höfðu verið endurskoðaðir af löggiltum endurskoðendum.

Eins og kom fram í máli formanns, þá eru vaxtaverkir hjá sambandinu. Ef við lítum á rekstrartekjurnar, tæpar 17 milljónir. Má segja að tapið sé ekki um nema 250.000 sem er okkar markmið að vera sem næst núllinu.

Skuldir BLÍ voru um 5 milljónir króna um síðustu áramót.

Tapið minnkaði milli ára. Evrópumótið sem BLÍ hélt í Digranesi var kostnaðarsamur. Einnig hafa landsliðsverkefni verið mörg og dýr.

Eigið fé og skuldir – neikvætt upp á 2 milljónir, skuldir rúmar 5 milljónir.

Umræða um reikninga frestað þar til síðar

### **Ávarp fulltrúa ÍSÍ**

Forseti ÍSÍ, Ólafur Rafnsson ávarpaði þingið.

Fyrst og fremst óskaði Ólafur honum Vigni til hamingju með gullmerki BLÍ. Hann óskaði blakinu jafnframt til hamingju með gott starfsár. Sagði frá því að hann hafi átt mikil samskipti við blakið í vetur og var m.a. beðinn um að afhenda verðlaun í 1. deild kvenna sem tókst mjög vel. Ólafur hrósaði skýrslunni og heimasíðu BLÍ en þessi atriði eru gríðarlega mikilvæg til að miðla upplýsingum. Ólafur sagðist sjaldan hafa séð eins greinargóða og vandaða skýrslu. Það eru sóknarfæri í blakinu sem og í öðrum íþróttum, t.d. með stofnun sjónvarpsstöðvar.

Ólafur fjallaði um atriði sem brenna á hreyfingunni og sagð meðal annars: „Þið hérna inni eruð að vinna störf in í hreyfingunni. Það er ljóst að það er erfiðara og erfiðara að fá fólk í sjálfboðastarf. Við erum að höfða til nýrra stjórnenda en það er gott teymi hjá BLÍ, og það þarf að virkja það enn betur. Ég hvet ykkur til þess að taka virkan þátt í hreyfingunni áfram.

Atriði sem ég tel að blakhreyfingin sé meðvituð um. Íþróttakappleikur er okkar markmið – mótahald innanlands gangi vel og landsliðsstarfið gangi vel.

Þróunarstarfið er mikilvægt, krakkablakið, strandblakið, öldungablakið. Þar á að virkja betur stjórnendur, og helst fólks inni í fjármálageirann“.

Ólafur hrósar Óskari fyrir framsetningu reikninga. Andri Stefánsson var með fyrirlestur um sérsamböndin fyrir skömmu. Þar kom fram að aðalmálið er að sjá eigið fé upp fyrir núllið. Það er töluvert hátt hlutfall eigin fjármögnun „Blaksamband Íslands á að hækka hlutfall eigið fjármagns. Sýnið stjórninni þann skilning sem þarf til þess að ná upp skuldum. Ef menn hafa gagnrýni þá á hún að koma fram hér og nú. Að lokum vildi ég segja að mig hlakkar til að vinna áfram með Jasoni á komandi starfsári og ég óska nýrri stjórn velfarnaðar“.

Stefán Jóhannesson gerði grein fyrir störfum kjörbréfanefndar.

71 fulltrúi má koma á þingið. Samkvæmt yfirferð nefndarinnar þá eru 34 atkvæði á þinginu.

Kjörbréf frá HSK (á rétt á 6 fulltrúum) fjögur nöfn, Bryndís Sigurðardóttir, Valdimar Hafsteinsson, Huguína Ólafsdóttir, Jason Ivarsson, 4 atkvæði.

Kjörbréf UMSK (á rétt á 14 fulltrúum), 11 nöfn, Þorgerður Kristinsdóttir, Guðrún K Einarsdóttir, Svala Vignisdóttir, Vignir Hlöðversson, Emil Gunnarsson, Karl Sigurðsson, Ásta Sigrún Gylfadóttir, Brynjar Pétursson, Ólafur J. Júlíusson, Laufey Björk Sigmundsdóttir.

Kjörbréf ÍBR (á rétt á 13 atkvæðum), 13 aðalfulltrúar, 5 vara, Jón Ólafur Valdimarsson, Harald Ísaksen, Halldór Ingi Kárasen, Michael Overhage, Aðalsteinn Eymundsson, Sævar Már Guðmundsson, Eysteinn Pétur Lárusson, Óskar Hauksson, Ástríður Valbjörnsdóttir, Árni Ingi Garðarson, Andri H. Sigurjónsson, Hrefna Stefánsdóttir, Zdravko Demirev. Til vara Aðalsteinn R. Björnsson, Emma Árnadóttir, Hildur Mósesdóttir, Guðrún K. Reimarsdóttir, Jónína S. Pálmadóttir.

Kjörbréf ÍBA (7 fulltrúar), tvö nöfn á kjörbréfi, Sigurður Arnar Ólafsson og Stefán Jóhannesson. Þeir tveir fara með 6 atkvæði saman.

34 atkvæði sem hefur verið gerð grein fyrir hér. Nefndin hefur ekki lokið störfum en sú staða gæti komið upp að fleiri kjörbréf komi

## **Umræða um reikninga sambandsins – sem og skýrslu formanns**

*Sigurður Arnar Ólafsson* kveður sér hljóðs um reikninga sambandsins. Vissulega ánægjulegt að sjá að tapið hafi minnkað.

Hann segir að ríkisstyrkur sé ekki í takti við umfang sambandsins. Það sé ekki nógu gott að sambandið sé ekki með fleiri starfsmenn að störfum. Sjálfböðavinnan er gríðarleg hjá sambandinu. Við eigum í vandræðum með að manna nefndir BLÍ unglíngalandsliðsnefndir og yngriflokkaneftnd og svo framvegis

það hefur ekki gengið vel hjá BLÍ að sækja sér styrki. Stórt mál hjá KA – Handboltafélag Akureyrar. Félagið skilaði tapi upp á 20 milljónir. Enn eina ferðina á að reyna að bjarga og aðferðafræðin gæti kannski nýst hjá BLÍ. Styrktaraðilar ætla að borga niður 10 milljónir (5 aðilar). Vaxtagjöldin ættu ekki að sjást hjá sambandinu.

*Ungir og efnilegir* – sama krónutala fer til unglingslandsliða 2006 og 2007 en það eru fleiri landslið 2007.

Hann minntist einnig á umfjöllum fjölmiðla og þá sérstaklega svik RÚV við íþróttina. Morgunblaðið fjallaði um blak undir lok tímabilsins. Það er erfitt að fjölga iðkendum er umfjöllun fjölmiðla er lítil sem engin

*Guðrún Kristín Gunnarsdóttir* Ræðir um fjármál. Finnst ekki sjá nógu mikið af tekjum. Hún spyr einnig um tekjur af öldungamótinu og talar einnig um umfjöllun RÚV um blak. Hún segir að allir sem að blakinu komi þurfi að vera duglegir að senda upplýsingar um mót og aðra atburði á fjölmiðlana.

*Óskar Hauksson* svarar framkomnum spurningum og sagði meðal annars að ríkisstyrkurinn sé ætlaður til að borga hluta launa starfsmanns Það er mikið áreiti að vera stjórnarmaður – og sérstaklega vegna landsliðsmálanna. Hugmynd KA um lausn á skuldum er mjög góð að mati hans. Kostnaður við landsliðsverkefnið er mikill og hefur reynst sambandinu erfiður.

*Stefán Jóhannesson* tekur næst til máls.

Hann hefur verið í kjörbréfanefnd og missti því af ræðu formanns.

Hann vildi minna þingfulltrúa á að koma fram á þinginu ef e-ð er sem þarf að ræða.

Ársskýrslan er góð og það hefur verið lögð mikil vinna í að taka saman tölfræði – Sævar unnið vel að því að smíða skýrsluna.

Fjármál – það liggur fyrir að stjórnin er ekki sátt við fjármálin. Það er orðið erfiðara og erfiðara að ráða við þetta. Við þurfum fleiri hendur á þessa góða braut sem blakið er á og til þess þurfa félögin að hjálpa til.

Mikil áhersla hefur verið lögð á kvennalandsliðið og það lék 14 landsleiki á síðasta starfsári. Liðið náði sínum besta árangir þegar það sigraði í C riði Evrópukeppninnar.

*Ásta Gylfadóttir* kveður sér hljóðs

Í hennar máli kom meðal annars fram að starfsemi unglingslandsliðsins hefur staðið undir sér. Það er erfitt að fá fólk til að starfa fyrir hreyfinguna og erfitt að manna nefndir.

*Jason Ívarsson* sagði að landsliðsmenn leggi út fyrir sínum ferðum sjálfir. Þeir fá svo styrki frá héraðssamböndum, bæjarfélögum og íþróttafélögum. Hann þakkar þingfulltrúum umræður og forseta ÍSÍ góð orð

Reikningar eru bornir upp og þeir samþykktir samhljóða.

Tillögur bornar fram:

Óskar Hauksson leggur fram fjárhagsáætlun fyrir árið 2008.

*Jason Ívarsson* mælir fyrir reglugerð um Bikarkeppni BLÍ sem stjórn BLÍ samþykkti á milli þinga.

Gunna Stína gerir grein fyrir tillögu um yngri flokka.

*Þingforseti*

Les upp þingskjal nr. 4 sem er hvatning og ábendingar frekar en tillaga

*Pingforseti* opnar umræðu um fram komnar tillögur.

*Karl Sigurðsson* kveður sér hljóðs og ræðir um yngri flokka. Hann vill koma því að huga að þriðja mótinu fyrir annan flokk og það verði bikarkeppni

*Sigurður Arnar Ólafsson* kveðjur sér hljóðs.

Það er rétt metið hjá YFN að prófa að skera mótin í sundur. Það er rálegt að hafa þrjú mót í 4. og 5. flokki. Það eru ekki nema tvö ár síðan að það þurfti að fresta mótum vegna veðurs einnig er það er kostur að hafa stakt mót eins og bikarkeppni

Hann telur nauðsynlegt að leikið sé í húsum með löglegan keppnisvöll og farið sé í hvívetna eftir alþjóðareglum. Einnig ræddi hann um bikarkeppnina og taldi að breyta þyrfti fyrirkomulaginu í þá átt að skapa bikarstemmingu.

*Aðalsteinn Eymundsson* kveður sér hljóðs

Breyta þriðju greininni í bikarkeppninni og draga tilviljanakennt í riðla

*Guðrún Kristín Einarsdóttir* veltir upp þeirri spurningu hvort halda eigi landshlutamót, þá verða mótin fleiri og svo eitt Íslandsmót í lokin.

*Vignir Hlöðversson* kveður sér hljóðs

Hann segist vera þokkalega sáttur við bikarkeppnina, umgjörðin var hálfpartinn léleg svo og dómgæslan það eru margir hlutir sem má laga í umgjörðina og ekki neitt við reglugerðina sjálfa að athuga.

*Jason Ívarsson* tekur til máls

Um yngriflokkamótin. Þetta eru 6 helgar frátekningar. Þetta er til umhugsunar, í maí eru komin próf í skólum og með þessu fyrirkomulagi mun keppnistímabilið lengjast. Hann ræddi einnig um umgjörð leikja. Þar þurfa félögin að bæta sig. Um bikarkeppnina sagði hann að vissulega væru einhverjir agnúar á fyrirkomulagi keppinnar sem sníða þarf að og það væri verk þingsins að finna betra fyrirkomulag. Eðli bikarkeppni sé hinsvegar óvissa um það hvaða lið mætast í keppninni.

*Stefán Jóhannesson* tekur til máls

Veganesti með þessum tillögum sem fara í nefnd.

Hugleiðingar Overhage ættu t.d. að enda inni á stjórn BLÍ til að vinna nánar. Kröfur um íþróttahús og umgjörð leikja.

Yngriflokkatillaga: það er þörf fyrir því að fjölga mótum já rétt. Velti fyrir mér að YFN þarf að hafa meiri sveigjanleika að stilla upp mótunum, mismunandi mörg lið í hverjum flokki, erfitt að stýra reglugerð. YFN ætti að hafa vald – gott að hafa ramma

**Bikarkeppni**

Reglugerðin tekin og endurskrifuð. Raunverulega er bikarkeppnin, tvær keppnir riðlakeppni og úrslitahelgin. Riðlakeppnin er forkeppni sem er spiluð fjölliðamótum. Það má standa betur að þessum mótum, leggja meiri metnað. Það er reynt að tryggja það að liðin sem koma til leiks í úrslitakeppninni séu góðir fulltrúar íþróttarinnar, við höfum lent í þessu áður með að sjá lið sem við viljum ekki sjá í sjónvarpi.

Það er búið að breyta bikarkeppninni mjög mikið

Fjárhagsáætlun verður vísað í fjárhagsnefnd – engar athugasemdir

Þingskjal 2, 3 og 4 fara til allsherjar-laga og leikreglanefndar

Nefndirnar taka til starfa sem allra fyrst – Þingstörf hefjast aftur kl. 13.30

### **Hádegishlé gert kl.12.10**

Fundur settur að nýju eftir gott matarhlé og nefndarstörf

#### **Fjárhagsnefnd – Óskar Hauksson**

Fjárhagsáætlun næsta árs, engar athugasemdir. Nefndin ræddi um að stofnuð yrði fjáröflunarnefnd fyrir BLÍ og samræma alla fjáröflun. Vísa þessu til stjórnar – hún skipar nefnd á fyrsta fundi.

Leggjum það til að þingskjal nr. 1 verði samþykkt óbreytt

Tillagan borin upp og samþykkt samhljóða

#### **Allsherjar- laga- og leikreglanefnd – Guðrún Kristín Einarsdóttir**

Þingskjal 2

Umræðan um bikarkeppnin – halda fyrirkomulaginu, tillögurnar sem komu út úr nefndinni

3. grein, það bætist við... 8 lið eða fleiri... allir við alla ef ekki 8 lið...þrjár hrinur leikið upp á þrjár unnar hrinur og mótið spilað.

Bæta við reglugerð um umgjörðin... fjórði töluliður undir 3. grein

*Zdravko* – bæta við þriðja deginum

*Sigurður Arnar* – Að bæta við þriðju hrinunni er of mikið

Fjölmargir komu með athugasemdir.

Fjöldi liða er grundvallaratriði í þessu

*Sigurður Arnar* með breytingartillögu – að það verði dregið í riðli

*Hrefna* viðbót við breytingartillöguna, að dregið verði í bæði mótin

*Guðrún Stína*, við viljum fá flotta sjónvarpsleiki ---

*Sigurður Arnar* – kanna hug þingheims með annarsvegar þrjár hrinur unnar eða tvær.. og hinsvegar með að draga í riðla.

Sjónarmiðin eru komin fram – *þingforseti* gerir það að tillögu sinni þar sem stjórn skoðar þessi sjónarmið, hrinufjöldi, dagafjöldi, skipan í riðla.

*Sigurður Arnar* gerir það að tillögu sinni að skoðunarkönnun verði gerð á þingheim.

Úrslit skoðanakönnunar meðal þingmanna voru eftirfarandi:

Þeir sem vilja að dregið verði í riðla 10 atkvæði

Þeir sem eru fylgjandi handröðun í riðla 5 atkvæði

Þrjár hrinur skulu unnar 7 atkv.  
Tvær hrinur 6 atkv.

Með þessa vitneskju gerir þingforseti að tillögu að vísa þingskjali 2 til stjórnar – samþykkt samhljóða

### ***Guðrún Kristín Einarsdóttir --- Þingskjal 3***

Hugmynd Karls um bikarkeppni yngriflokka fékk góðan hljómgrunn. Við leggjum það til að við höldum þessari tillögu þskj.3 þau verði tvö Íslandsmót fyrir 2. og 3. flokk auk bikarkeppni. Bikarkeppnin verði þá sömu helgi og úrslit Bikarsins

Tvö Íslandsmót – og svo eitt aukamót – 4.-5. flokk. Tvö Íslandsmót sem liðin verði að mæta á --- getum við kallað það bikarmót eða hvað. Þau félög sem haldi þessi mót haldi jafnframt mót fyrir 6. og 7. flokk.

Tillagan heldur sér nema þriðja mótið kallað bikarkeppni – útfærsluatriði

*Karl Sigurðsson* – frábært að það verði tekin upp bikarkeppnin, hentar jafnvel ekki að bikarkeppnin verði sömu helgi þar sem margir leikmenn mfl. gætu líklega

### *Sigurður Arnar*

Þetta er gríðarleg breyting, mótin eru þá orðin 6 og það mun verða erfitt að raða upp mótaskránni, m.v. hvernig þetta mun líta út!!! Þess vegna er þetta svolítið hættulegt! ferðakostnaður KA mun væntanlega hækka verulega

### *Guðrún Stína*

Eins og við litum á þetta... þetta er ekki nógu mikið af mótum, við höfum tækifæri þar sem þriðji flokkur er svo stór, við verðum að hugsa út frá því að krakkarnir þurfa þetta svona. Við getum ekkert þróast í blakinu nema að spila og spila. Þarna náum við inn fleiri iðkendum af því það er meira um að vera!!

*Sigurður Arnar* --- En geta félögin ekki tekið bæði mótin? er þörf að loka á það með reglugerð

Það hafa komið ýmis sjónarmið en *þingforseti* gerir það að tillögu sinni að þessu verði vísað til stjórnar --- samþykkt samhljóða

### *Guðrún Kristín Einarsdóttir*

Bréfið frá Michael Overhage - tilmælunum verði vísað til stjórnar --- samþykkt samhljóða

Tillaga frá nefndinni um 2. deildina er að hámarka lið í 7 á SV-horninu og spilað verði í einni deild í kvennaflokki.

Reglugerð um deildakeppni – bæta við 3. deildinni. og hafa 1 liða flæði milli deilda

Vísa þessu til stjórnar að breyta reglugerð um deildakeppni --- samræming þar að lútandi



*Valdimar* – ábending um að þjappa saman leikjunum í 2. deildinni

*Ásta G* – Vill að það sé gert meira í kringum allt á lokahófi BLÍ – þ.e. að deildarkeppnirnar klárast á þeim tímapunkti og öllum verði boðið að vera við lokahóf BLÍ.

Tillagan borin upp um að vísa til stjórnar og samþykkt samhljóða

Uppstillingarnefnd kemur með sína tillögu undir kosningum

### **Ákveðið gjald ævifélaga**

Jason Ívarsson, menn borga 1 gjald fyrir ævina. kr. 100.000. óbreytt frá fyrri árum.

Tillagan borin upp og samþykkt samhljóða

### **Önnur mál**

*Guðrún Kristín* fjallar um blakmál. Blakstarfið er að eflast. Ég hef verið í yngriflokkanefnd frá upphafi. Fulltrúum í nefndunum hefur ekki fjölgað og ég heimta að félögin sem eru með yngriflokkastarf, þá á að vera einn fulltrúi. Stjarnan er komin með gott starf og það verður að koma fulltrúi, líka frá KA og Þrótti Nes.

Stjórn BLÍ á að skylda félögin til að tilkynna einhvern inn, einhvern sem veit um hvað er verið að tala. Lágmark 5 manna nefnd, stærstu liðin eiga að vera með mann í nefndinni. Formaður nefndarinnar kæmi úr stjórn BLÍ. Framkvæmdastjóri á ekki að vera sem nefndarformaður þarna. Stjórn BLÍ þarf að vera með formann nefndarinnar.

Ég myndi vilja sjá framkvæmdastjóra á launum sem er bara að safna peningum. Hvert er verkvið framkvæmdastjóra?

Vil sjá meiri samvinnu milli nefndanna – þverskurð á nefndarinnar. Unglingalandsliðsnefndin og yngriflokkanefndin að starfa saman t.d. Blaksamband Íslands eru yngri iðkendurnir.

Ég vil sjá meiri áherslu á yngriflokkastarfið. Stanslaus uppbygging á síðustu 5-6 árum hefur skilað tilætluðum árangri.

*Guðrún Kristín* fór erlendis með blakhóp – fórum með fjórða og fimmta flokkinn til DK og við fórum til Holte og við hittum svo vel á og fengum heilt íþróttahús til afnota. Við fengum lítið mót fyrir krakkana – svo sátu krakkarnir landsleik milli DK og Sviss í kvennablaki.

Þarna höfum við samanburð. Krakkar sex ára leggja mikla áherslu á stig 2. Gengur út á það að frelsa mann með bagger. Allir þjálfarar eru yfir þrítugt í þessum klúbbi! Þetta er hlutur sem vantar hjá okkur!!!!

Unglingar hafa ekki reynslu í að stjórna reiðinni. Danskir krakkar brostu þrátt fyrir að tapa... Íslendingarnir hundfúlir að tapa og missa

*Sævar Már Guðmundsson* tók til máls

Byrjaði á því að svara þeirri spurningu Guðrúnar um verksvið framkvæmdastjóra. Það er meira en að segja það að vera einn í vinnu hjá BLÍ. Framkvæmdastjóri þarf að halda utan um mótahald, útbreiðslu, uppbyggingu, landsliðsmál og rekstur á skrifstofu. Það er svolítið mikið fyrir einn mann og t.a.m. hafa nágrannalöndin okkar a.m.k. fimm til tíu manna starfslið sem sjá um þessa hluti. Mesti tíminn fer í mótahaldið sem hefur aukist ár frá ári. Það koma ýmis mál upp varðandi húsnæði sem þarf að leysa ásamt dómaramálum. Langmest er að gera í ágúst til október þegar allt er að fara af stað. Á undanförunum þremur árum hefur umfangið aukist um helming, velta sambandsins hefur aukist um meira en helming. Hann þakkaði hrósið sem hann hefur fengið á þessu þingi og segist vera afar stoltur af ársskýrslu sambandsins þetta starfsár. Það hefur verið ánægjulegt að starfa í hreyfingunni og hann muni vinna hér áfram um sinn.

*Jón Ólafur Valdimarsson*

Nefndamál BLÍ --- rétt að það vantar fólk, leið til að skipunar í nefndina: Það væri gott ef formaður YFN myndi leggja til fólk sem hann vill starfa með.

2. deildin – Bæta þarf umgjörð í 2. deildinni, úrslitakeppnin, jafnvægi milli landshluta, mótanefndin verður að bæta sig á Austurlandi

*Sigurður Arnar* kveður sér hljóðs og vill beina því til stjórnar BLÍ að þau lið sem taka þátt í yngriflokkamótum að þau skaffi fulltrúa inn í nefnd, hámark 7 manna stjórn!! KEA mun styrkja U - 19 mótið á Akureyri, stefnt er að því að rekstur mótsins komi út á núlli. Það vantar fólk inn í unglingslandslíðsnefndirnar stanslaust og stöðugt. Nauðsynlegt er að efla menntun þjálfara fyrir yngri iðkendum. Mótahald í yngriflokkum og yngriflokkaneftar, við þurfum að koma þessu mótahaldi saman þannig að þetta gangi saman. ekki loka á að halda bæði mót saman

Jason þakkaði Sævari fyrir greinagóða ársskýrslu Hann sagðist hafa sótt nokkra fundi þar sem fulltrúar nokkurra sérsambanda hafi rætt sjónvarpsmál og hugmyndir um að stofna eigin sjónvarpsstöð til þess að sinna íþróttahreyfingunni þar sem RÚV hefur brugðist þeirri skyldu sinni. Einnig minntist hann á að BLÍ hefði orðið 35 ára á síðasta ári og tími væri kominn til þess að huga að ritun sögu sambandsins. Hann taldi þingið sýnir næstu stjórn mikið traust þar sem það hefur vísað mikilvægum málum til stjórnarinnar.

*Ásta Gyldadóttir*

Takk fyrir frábæran fund og fór aðeins yfir stöðu unglingsmálanna og ráðningu þjálfara yngri landsliðanna. Hún auglýsti eftir nýju fólk til þess að starfa að málefnum yngri blakara.

Að lokum lagði hún áherslu á að lekmenn í 2. og 3. deild kæmu einnig á árs-og uppskeruhátíð BLÍ

Stefán Jóhannesson tilkynnir um gjöf til BLÍ, net og uppistöður frá FIVB.

Hann sagði fram komnar ábendingar, um árshátíðina, með hvaða hætti er hægt að framkvæma þetta svo vel sé, það er ekki auðvelt að hafa lokaumferð í 1. deildinni og úrslitamótin í 2. og 3. deild á sama tíma á sama svæði. Vissulega er hægt að reyna það.

Það hafa verið uppi sjónarmið sem hefur ekki náð að sætta en hugsa að þetta sé að koma í höfn. Fjölga nefndunum, okkur vantar fólk í þessar nefndir. Hann varpaði því til þingheims að það vantar fólk til að sinna ungu og efnilegu landsliðunum. Hann þakkaði svo fyrri gott þing.

### **Kosningar;**

*Jón Ólafur* formaður uppstillingarnefndar kynnti niðurstöður nefndarinnar. Tveir meðstjórnendur til tveggja ára: *Stefán Jóhannesson* og *Davíð Búi Halldórsson*. Þeir eru sjálfkjörnir þar sem engin mótframboð bárust.

Sama varastjórn býður sig fram til eins árs, *Svala Vignisdótti*, *Hreggviður Norðdahl*, *Þorbjörg Ólöf Jónsdóttir*. Þau eru sjálfkjörin.

Skoðunarmenn reikninga

*Hjörtur Bjarki Halldórsson* og *Aðalsteinn Eymundsson*

Þeir eru sjálfkjörnir þar sem engin mótframboð bárust.

*Þingforseti* – segir það vera merki um heilbrigði að breytingar verði á stjórninni. Einnig merki hann traust þingheims á stjórn sambandsins. Hann þakkar traustið að vera kosinn í varastjórn, og þingheimi að sýna sér umburðarlyndi og þolinmæði á þinginu.

*Jason Ívarsson* slítur þingi kl. 15.40

Þakkar þingforseta – þakkar þingritara og þingfulltrúum fyrir góða fundarsetu og málefnalega umræðu.

Sævar Már Guðmundsson, þingritari (sign)  
Hreggviður Norðdahl, þingforseti (sign)